

## Yfirlýsing um samstöðu félaga í efstu deild karla í knattspyrnu.

Í ljósi umræðu í knattspyrnuhreyfingunni um stækkun Íslandsmóts efstu deildar karla í kjölfar Ársþings KSÍ vilja félög efstu deildar koma eftirfarandi á framfæri:

Á 75. Ársþingi KSÍ var lögð fram tillaga starfshóps um keppnisfyrirkomulag efstu deildar karla. Fól það fyrirkomulag í sér 12 liða deild þar sem leikið er heima og að heiman líkt og nú er ásamt úrslitakeppni. Í úrslitakeppninni myndi efri hluti deildarinnar leika hvert við annað og sama fyrirkomulag í neðri hluta deildarinnar. Með þessu móti skapast mikil keppni allt frá neðri hluta deildarinnar upp í titil- og evrópubaráttu. Öll lið munu kappkosta að vera í efri hluta deildarinnar áður en úrslitakeppni hefst.

Úrslitakeppni mótsins er form með hæfilegri fjölgun leikja sem gefur ýmis markaðsleg tækifæri m.a. í sölu sjónvarps-og markaðsréttinda.

Markmiðið með fyrirhuguðum breytingum eru til þess fallið að ná viðspyrnu á stöðu deildarinnar í alþjóðlegum samanburði þegar horft er til styrkleikalista UEFA og að auka gæði og samkeppnishæfni íslenskrar knattspyrnu og leikmanna sem leika á Íslandi.

Forráðamenn félaga í efstu deild karla hafa fundað um þetta málefni og niðurstaðan er algjör samstaða um að láta breytt fyrirkomulag verða að veruleika a.m.k. tímabundið.

Með undirritun þessarar yfirlýsingar lýsa formenn stjórnna viðkomandi félaga efstu deildar yfir stuðningi við áðurnefnda tillögu og heita því að styðja nauðsynlega breytingu á lögum KSÍ á næsta ársþingi KSÍ 2022 með það fyrir augum að keppnisfyrirkomulagið taki gildi sama ár.

23.03.2021 Reykjavík

F.h. Vals  
Edvard Börkur Edvardsson



F.h. FH  
Valdimar Svavarsson



F.h. Breiðabliks  
Orri Vignir Hlööversson



F.h. Stjörnunnar  
Sæmundur Friðjónsson



F.h. HK  
Frosti Reyur Rúnarsson



F.h. Víkings R.  
Friðrik Magnússon



F.h. KA  
Hjörvar Maronsson



F.h. IA  
Egbert Ingólfur Herbertsson



F.h. KR  
Páll Kristjánsson



F.h. Fylkis  
Kjartan Danielsson



F.h. Keflavíkur  
Sigurður Garðarsson



F.h. Leiknis R.  
Oscar Clausen

